

að rjúfa orkuflutning frá orkuveitu gerðarþola til söltunarhússins við Friðarhafnarbryggju, og verður því að synja kröfu gerðarbeiðanda að því leyti. Aftur á móti ber að taka kröfu hans til greina, að því er varðar aðgerðarhúsið Kína, af þeim ástæðum, sem að ofan eru greindar.

Eftir atvikum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 300.00 upp í málskostnað.

Uppsaga úrskurðarins hefur dregið vegna anna við daglega afgreiðslu.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarbeiðanda um framgang gerðarinnar skal tekin til greina að því leyti, að rofinn skal orkuflutningur frá orkuveitu gerðarþola til aðgerðarhússins Kína.

Gerðarþoli, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda, greiði gerðarbeiðanda, Garðari Sigurjónssyni, f. h. Rafveitu Vestmannaeyja, kr. 300.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. desember 1953.

Kærumálið nr. 16/1953.

Kristbergur Jónsson

gegn

**Sigríði Ketilsdóttur og Guðdísí Sigurðar-
dóttur.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vitni heimilað að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. nóvember þ. á., sem barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 11. nóvember s. l., í vitnamáli varnaraðiljans Guðdísar gegn sóknaraðilja, en með úrskurðinum var þess synjað, að varnaraðilinn Sigríður Ketilsdóttir staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðiljanum Sigríði heimilað að staðfesta vætti sitt fyrir dómi. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans Guðdísar.

Varnaraðilinn Guðdís krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðilinn Sigríður hefur ekki haft uppi neinar kröfur í málinu.

Ekki verður talið, að vitnið Sigríður Ketilsdóttir, sem er systurdóttir sóknaraðilja, sé svo við mál eða málsaðilja riðin, að staðfesting vitnaskýrslu þess geti talizt varhugaverð, sbr. 2. málsg. 127. gr. laga nr. 85/1936. Er og ekki annarra vitna kostur um málsatriði það, sem um er að tefla. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og heimila vitninu að staðfesta vætti sitt fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðiljann Guðdís til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 250.00.

Dómsorð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og ber héraðsdómara að veita vitninu Sigríði Ketilsdóttur kost á að staðfesta vitnaskýrslu sína fyrir dómi.

Varnaraðili, Guðdís Sigurðardóttir greiði sóknaraðilja, Kristbergi Jónssyni, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóv. 1953.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. þ. m., er rekið hér í bæjarþinginu til að afla gagna í fúgetaréttarmáli, sem sóknaraðili hefur stofnað til í Árnassýslu. Málavextir eru þeir, að samkvæmt leyfi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 12. júlí 1945, til skilnaðar að borði og sæng milli aðilja máls þessa, skyldi sóknaraðili hafa forræði dóttur aðilja, Hrefnu Mikkelinu, fæddrar 27. september 1942. Virðist barnið hafa verið á vegum sóknaraðilja til vors 1951, er varnaraðili sótti telpuna til sóknaraðilja og hefur hún verið síðan á heimili hans að Laug í Biskupstungum.

Sóknaraðili heldur því fram að fullt samkomulag hafi verið með aðiljum um það, að telpan skyldi dvelja hjá varnaraðilja, þar til sóknaraðili hefði aðstöðu til að taka hana til sín á ný og óskaði þess. Kveðst sóknaraðili hafa, í trausti til þess samkomulags, farið að Laug í septembermánuði s.l. til þess að sækja telpuna svo og yngra bróður hennar, er var

þá einnig í vist með varnaraðilja. Vildi varnaraðili þá eigi sleppa telpunni og fór sóknaraðili þess á leit við sýslumanninn í Árnessýslu með bréfi, dags. 6. f. m., að forræði og umráð telpunnar yrði fengin sér í hendur með beinni fógetagerð.

Í fógetarétti Árnessýslu hefur komið fram aðiljaskýrsla varnaraðilja. Segir þar, að hann hafi í marz eða apríl 1951 fengið bréf frá Sigríði Ketilsdóttur, Hverfisgötu 37 í Hafnarfirði, en í því hafi hún farið fram á það fyrir hönd sóknaraðilja, að hann tæki Hrefnu Mikkelinu til sín aftur. Hafi fylgt þau skilaboð frá sóknaraðilja, að hún myndi ekki gera tilkall til dóttur þeirra, meðan hann gæti alið önn fyrir henni. Hafi hann síðan sótt telpuna um mánaðamótin marz—apríl 1951 og hún verið hjá honum síðan.

Sigríður Ketilsdóttir, sem nefnd var hér að framan, er systurdóttir varnaraðilja. Hinn 6. þ. m. kom hún fyrir bæjarþingið sem vitni og gekkst við vottorði, sem fram hefur verið lagt í fógetarétti Árnessýslu, þess efnis, að sóknaraðili hafi í aprílmánuði 1951 beðið sig að fara þess á leit við varnaraðilja, að hann tæki dóttur aðilja, Hrefnu Mikkelinu. Hafi sóknaraðili óskað þess, að varnaraðili tæki að sér barnið, enda hafi hún sagt, að hún myndi ekki taka telpuna af varnaraðilja, meðan hann gæti alið önn fyrir henni. Hafi vitnið ritað varnaraðilja þetta og það orðið úr, að hann féllst á að taka telpuna.

Sóknaraðili kom samdægurs fyrir bæjarþingið og neitaði að hafa beðið vitnið fyrir skilaboð til varnaraðilja, slík, sem greind voru í vottorði vitnisins, enda kvaðst hún ávallt hafa tekið fram, að hún myndi ekki afsala sér forræði barnsins. Voru þær samprófaðar vitnið og sóknaraðili, en hvor hélt fast við sinn framburð.

Er lögmaður varnaraðilja óskaði þess, að vitnið staðfesti vætti sitt, mótmælti lögmaður sóknaraðilja því, að vitninu yrði staðfesting heimiluð, enda væri vitnið vilhalla og of skylt varnaraðilja. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Hér að framan hafa verið nokkuð rakin afskipti vitnis þessa af málinu svo og skyldleiki hennar við varnaraðilja. Þegar gætt er þeirra atriða, þykir með hliðsjón af ákvæðum 1. töluliðs 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85 frá 1936 varhugavert, að vitnið staðfesti vætti sitt og verður því synjað um heimild til staðfestingar.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Vitninu, Sigríði Ketilsdóttur, er ekki heimilt að staðfesta fyrir dómi vætti sitt í máli þessu.